



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

✉ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 5. desember 2007
Tilvísun: UST20070300158/ksj

Breyting á deiliskipulagi Syðri-Brú

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu frá 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytt deiliskipulag á frístundabyggð í Grímsnes- og Grafningshreppi í landi Syðri-Brúar í Grímsnesi. Óskað er eftir umsögn í samræmi við 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd (mýrlendi).

Umhverfisstofnun veitti umsögn um breytingu á aðalskipulagi sama svæðis.

Samkvæmt tillögu að breyttu deiliskipulagi í landi Syðri Brúar í Grímsnes- og Grafningshreppi er svæði undir frístundabyggð stækkað um 45 hektara, úr 120 hekturum í 165 hektara. Ekki kemur fram í greinargerð hversu margar frístundalóðir voru fyrir breytinguna, en fjölgunin virðist vera um 86 lóðir. Umhverfisstofnun mælir með að á uppdrætti væri rammi utanum sjálft deiliskipulagssvæðið og að dagsetning samþykktar deiliskipulags fyrir breytingu kæmi fram.

Sérstök vernd

Samkvæmt 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu mýrar og flóar 3 hektarar eða stærri njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Niðurstaða umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 var sú að "*Umhverfisstofnun telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við að framangreint svæði verði tekið undir frístundabyggð að því tilskildu að við skipulagningu byggðarinnar verði votlendi hlíft við raski.*" Enda nær mýrlendið samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar yfir stærra svæði en 3 hektara. Í tillögu að breyttu deiliskipulagi er ekki tekið tillit til mýrlendisins, heldur settar um 19 lóðir inná það svæði og í tillögunni er aðeins undanskilinn sá hluti svæðisins sem er undir og á grannsvæði Búrfellsslínu.

Í stefnumörkun umhverfisráðuneytisins *Velferð til framtíðar sjálfbær þróun í íslensku samfélagi* kemur fram að "*Forðast skuli eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.*" Í sama riti kemur fram að mikil röskun hefur orðið á votlendi hér á landi ekki síst á suðurlandi þar sem einungis 3% alls votlendis er eftir óraskað.

Í greinargerð er fylgir tillögu að breyttu deiliskipulagi er eftirfarandi texti um myrlendi:
“Á eldra skipulagi er landssvæði merkt myrlendi. Við nánari skoðun hefur komið í ljós
að mun minna af landinu er hægt að kalla myrlendi þar sem stór hluti af svæðinu tekur á
móti vatni úr lækjum Búrfells. Lagt er til að því vatni sé auðvelt að veita í burtu með
áveituskurðum niður að Sogi.”

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur þær skýringar er fram koma í greinargerð, að há grunnstaða vatns
sé vegna þess að svæðið taki á móti lækjum Búrfells og sé því ekki hægt að kalla það
myrlendi, ekki haldbærar. Votlendi er votlendi og ef votlendi er þurrkað upp með að veita
vatni frá svæðinu þá er verið að breyta vistkerfinu.

Umhverfisstofnun telur brýnt að myrlendi fái að haldast óbreytt eins og fram kemur á
deiliskipulagi fyrir breytingu. Umhverfisstofnun leggst gegn því að myrlendi á svæðinu
verði raskað.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Helgi Jansson
Forstöðumaður

Afrit Skipulagsstofnun